
Ólyginn sagði . . .



John Goodman,

sem er íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur fyrir leik sinn í framhaldsþáttunum um Roseanne varð nýlega faðir í fyrsta sinn. Goodman, sem er 38 ára gamall, hefur um nokkurt skeið verið giftur Annabeth Goodman, fyrrverandi fyrirsætu, 22 ára gamalli. Þeim hjónum fæddist dóttir sem hefur þegar verið skírð Molly Evangeline. Sú stutta vó tæpar 17 merkur við fæðingu sem telst fremur vænt af ungbarni að vera. Væri henni reyndar illa í ætt skotið ef hún væri mjög smávaxin.



Garry Marshall

sem leikstýrði kvikmyndinni Pretty Woman segir að framhaldsmynd sé í undirbúningi og hann muni setjast við stjórnvölinn í annað sinn ef Richard Gere og Julia Roberts fáist til þess að leika saman á ný. Pretty Woman hefur fært Disney-kvikmyndaverinu mestan gróða frá upphafi. Marshall segist viss um að Walt heitinn Disney snúi sér við í gröf sinni í hvert skipti sem einhver greiðir aðgangseyri að myndinni og eykur þar með hagnaðinn. Walt heitinn var nefnilega mjög siðavandur og hefði fundist mjög óviðeigandi að maka krókinn á sögu um vændiskonu og viðskipti hennar. Hann hefði frekar kosið að einhver teiknimynda hans skipaði toppsætið.




Irene Dunne

er látin, 88 ára að aldri. Hún lék í tæplega 50 kvikmyndum á ferli sínum og var fimm sinnum tilnefnd til óskarsverðlauna þótt hún hreppti þau aldrei. Á blómaskeiði sínu, sem var á árunum milli 1930 og 40, var hún ein hæst launaða leikkona í Hollywood. Dunne varð þó aldrei fræg að endemum, hún lifði mjög kyrrlátu og lítt hneykslanlegu lífi og hvarf því úr sviðsljósinu þegar hún hætti að leika.



Alfreð Guðmundsson, fyrrverandi forstöðumaður Kjarvalsstaða, Sæmundur Valdimarsson og Þorvaldur Guðmundsson, kenndur við Síld og Fisk.



Tvær konur í hópi sýningargesta virða fyrir sér kynsystur sínar höggnar í rekavið. DV-myndir S

Sæmundur sýnir skúlptúra

Sýning alþýðulistamannsins Sæmundar Valdimarssonar á tréskúlptúrum úr rekaviði á Kjarvalsstöðum hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjölmenni var viðstatt opnun sýningarinnar laugardaginn 15. sept. sl. og virti fyrir sér handverk Sæmundar.


Anna prinsessa tekin fyrir of hraðan akstur

Anna Bretaprinsessa var tvisvar sinnum í liðinni viku stöðvuð fyrir of hraðan akstur í nágrenni við heimili sitt í Gloucestershire. Prinsessan ók í bæði skiptin talsvert yfir löglegum hámarkshraða sem er 95 kílómetrar á klukkustund á þessum slóðum. Lögreglan lét þó duga að vara hinn konungborna ökufant við þessu varasama athæfi en gaf ekki út formlega ákæru.

Prinsessan er þekktur lögbrjótur á þessu sviði og hefur afar gaman af hraðakstri. Árið 1977 var hún dæmd til að greiða 40 punda sekt fyrir að aka bifreið sinni á 160 kílómetra hraða þrátt fyrir endurteknar aðvaranir.

Feðgar á frumsýningu

Við frumsýningu Þjóðleikhússins á Örfá sæti laus var sem endranær fjöldi leikhúsfólks og leikhúsunnenda. Meðal þeirra sem ljósmyndari DV rakst á í hléi voru feðgarnir Sigurður Hallmarsson og Hallmar sonur hans. Sigurður hefur um árabil verið driffjöðrin í starfsemi Leikfélags Húsavíkur sem er að öðrum ólöstuðum eitt blómlegasta áhugaleikfélag landsins. Hallmar sonur hans er leikhússtjóri hjá Leikfélagi Reykjavíkur og þekktur leikari eins og faðir hans.



Sigurður Hallmarsson og Hallmar sonur hans. DV-mynd Hanna



Rannveig Guðmundsdóttir, þingkona Alþýðuflokksins og fyrrum bæjarfulltrúi í Kópavogi, bauð fólki til veislu í fimmtugsafmæli sínu á dögunum. Hér árnar Bryndís Schram, eiginkona Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra, afmælisbarninu heilla. DV-mynd S



Fjölmenni var viðstatt opnun yfirlitssýningar á verkum Svavars Guðnasonar í Listasafni Íslands á laugardag. Hér sést frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, ásamt Beru Nordal, forstöðumanni Listasafnsins, og frú Ástu Eiríksdóttur, ekkju Svavars. DV-mynd Hanna

Læknir Bretaprins skammar fréttamenn

Doktor Christopher Colton, skurðlæknir í Birmingham, hundskammaði breska fréttamenn á dögunum fyrir framkomu þeirra við Karl Bretaprins. Colton gerði aðgerð á handlegg prinsins eftir slys sem hann hlaut í pólókeppni. Colton bað fulltrúa pressunnar vinsamlegast að hundskast til þess að láta sjúklinginn í friði og leyfa honum að jafna sig í friði og ró.

„Það hefur engin ígerð komið upp og ekkert sem bendir til annars en að bati geti orðið eðlilegur. Það eina sem amar að sjúklingi mínum er ágengni fréttamanna og ljósmyndara sem hafa slegið tjöldum bókstaflega við svefnherbergisglugga hans," sagði doktorinn fokreiður í bréfi til breska blaðsins Times.

Prinsinn dvelst nú á frönsku sveitasetri þar sem hann bíður bata í handleggnum. Ljósmyndarar hafa legið á vakt við setrið og slúðurblöð í Bretlandi hafa verið iðin við að birta myndir af hans hátign fölum og illa til reika á náttslopp með handlegginn í fatla.